

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

14. AUKAFUNDAR SVEITARSTJÓRNAR SÚÐAVÍKURHREPPS KJÖRTÍMABILID 2022-2026

Árið 2025, föstudaginn 26. september kl. 8:30, var haldinn 14. aukafundur sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps kjörtímabilið 2022-2026 í Álftaveri – Grundarstræti 1.

Mættir voru á fundinn:

Kristján Rúnar Kristjánsson, Jónas Ólafur Skúlason, Aníta Björk Pálínudóttir, Kjartan Geir Karlsson og Bragi Þór Thoroddsen.

Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundinum, að gættri fundarboðun, að ganga til dagskrár.

Dagskrá og afgreiðsla erinda:

1. Skýrsla sveitarstjóra fyrir 14. aukafund sveitarstjórnar
Skýrsla sveitarstjóra kynnt og rædd.
Sveitarstjórn leggur til að opinn íbúafundur verði haldinn í Súðavíkurskóla laugardaginn 29. nóvember 2025 með dagskrá og opinni dagskrá í bland og hagaðilar boðaðir til þess að hafa framsögu og kynningu á fundinum. Sveitarstjórn óskar eftir því að kynning verði á pottaverkefni Bláma.
Þá leggur sveitarstjórn til að farið verði í það að koma upp líkamsræktaraðstöðu og verði húsnæði leyst með einingahúsi c.a. 100 – 140 fm.
2. Tilboð í slökkvibíl frá OGER (Ólafur Gíslason & co. – Eldvarnarmiðstöðin) tp. dags. 15.9.2025
Sveitarstjórn leggur til að tilboði frá OGER í slökkvibifreið verði tekið og keyptur nýr bíll og skoðað með að selja eldri bifreið. Jafnframt verði rætt við hagaðila á svæðinu með styrki eða fjármögnun.
3. Fyrirkomulag íbúafundar og tímasetning – umræður
Sveitarstjórn leggur til að íbúafundur verði haldinn þann 29. nóvember 2025 og verði opinn íbúafundur. Dagskrá og fyrirkomulag verði sent út c.a. 15 dögum fyrir fundinn.
4. Óformlegar viðræður um sameiningar sveitarfélaga og sameinningarmál
Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að skila inn umsögn um breytingar á sveitarstjórnarlögum sem varða sveitarfélög undir 250 íbúa. Sveitarstjórn mótmælir fram komnum breytingum í frumvarpinu og lýsir yfir efasemdum um að þær fari saman við sveitarstjórnarlögin í heild og stjórnarskrá sem og evrópuráðssamninginn um sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaga. Sveitarstjórn mun halda áfram þeim óformlegu viðræðum sem þegar hafa farið af stað og áréttar að breytingar muni setja í uppnám þær viðræður.
5. Samningur um Velferðapjónustu Vestfirðinga – uppfærður samningur
Uppfærður samningur um Velferðapjónustu Vestfirðinga samþykktur.

6. Skólalóð – erindi innsent í tp. dags. 25.9.2025

Lögð fram tilboð frá nokkrum aðilum í lausnir á skólalóð, s.s. uppsetningu á leiktækjum og íþróttaaðstöðu. Sveitarstjórn leggur til að farið verði í að setja upp sparkvöll og körfuboltavöll á skólalóð á núverandi svæði við Súðavíkurskóla. Áætlaður kostnaður við sparkvöll er um 20 mkr. og lagt til að verkefnið verði sett í fjárhagsáætlun fyrir 2026.

7. Mötuneytismál í Súðavíkurskóla – tp. dags. 25.9.2025

Nýr rekstraraðili mun taka við verslun og veitingaþjónustu á næstu dögum og hefur verið boðið að taka mötuneyti fyrir Súðavíkurskóla. Útfærsla verði á svipuðum nótum og verið hefur undanfarna mánuði.

Sveitarstjórn hefur þegar fallið frá viðmiðum um lágmarksfjölda í dægradvöl og leggur til að sú þjónusta taki mið af þörf og stærð skólans frekar en að vísa til lágmarksfjölda.

Sveitarstjórn leggur til að dægradvöl verði í boði en skoðuð útfrærsla á akstri vegna tómstunda sem getur þá að hluta eða að öllu leyti komið í staðinn. Tryggt verði að starfsmaður mæti þeirri viðbót sem fylgir dægradvöl.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 12:25

Bragi Þór Thoroddsen

Aníta Björk Pálínudóttir

Jónas Ólafur Skúlason

Kjartan Geir Karlsson
Kjartan Geir Karlsson

Kristján Rúnar Kristjánsson

Kristján Rúnar Kristjánsson oddviti